



STARFSÁÆTLUN



Leikskólinn Álfheimar

2022 – 2023

VIRÐING – HLÝJA - TRAUST



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur	4
1. Skólastarfið 2021-2022.....	5
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun skólaársins 2020-2021	6
2.1. Innra mat leikskólans.....	6
2.1.1. Starfsmannakönnun	6
2.1.2. TRAS og Ferilmöppur	6
2.1.3. Foreldrasamtöl	6
2.1.4. Starfsmannasamtöl	7
2.1.5. Endurmat deilda	7
2.1.6. Endurmat stjórnenda	7
2.1.7. Endurskoðun skólanámskrár	7
2.1.8. Umbótaáætlun	7
2.1.9. Námsvið og daglegt starf	7
2.1.9. Hljóm-2	13
2.2. Matsáætlun	14
3. Börn, foreldrar og annað samstarf	16
3.1. Barnahópurinn.....	16
3.1.1. Fjöldi barna sem nutu sérstaks stuðnings	16
3.1.2. Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála	16
3.2. Foreldrasamvinna	17
3.2.1. Foreldraráð	17
3.2.2. Foreldrafundir	17
3.2.3. Foreldrasamtöl	17
3.2.4. Foreldrafélag	17
3.3. Fréttabréf	17
3.4. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	17
3.4.1. Samstarf við skólaþjónustu Árborgar	17
3.4.2. Samstarf leik- og grunnskóla	18
3.4.3. Samstarf við háskóla	18
3.4.4. Annað samstarf	18
4. Starfsmannamál	19
4.1. Stjórnskipan Álfheima 2021-2022	19
4.2. Fundir	19



Starfsáætlun Álfheima 2022-2023

4.3. Símenntun starfsmanna	20
4.3.1. Skilgreining á símenntunarpörf	20
4.3.2. Mat á árangri	20
4.3.3. Fjármögnun símenntunar	21
4.3.4. Yfirlit yfir símenntun skólaársins 2021-2022	21
5. Starfsáætlun skólaársins 2022-2023	23
5.1. Símenntunaráætlun 2022-2023	23
5.2. Námsáætlanir	24
5.2.1. Huldusteinn	24
5.2.2. Mánasteinn	26
5.2.3. Álfasteinn	28
5.2.4. Dvergasteinn	30
5.2.5. Óskasteinn	32
6. Fylgiskjöl	35

Leikskólinn Álfheimar
Heimilisfang: Sólvöllum 6, 800 Selfoss
Aðalsímanúmer: 480-3242
Netfang: alfheimar@arborg.is
Heimasíða: <http://alfheimar.arborg.is/>
Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30



Inngangur

Í samræmi við 5. grein laga um leikskóla frá árinu 2008 kemur fram að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er við kemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna.

Í þessari skýrslu gefur að líta starfsáætlun leikskólans Álfheima skólaárið 2022–2023 ásamt skýrslu um skólaárið 2021-2022. Byrjað er á því að gera skil á síðastliðnu skólaári 2021-2022, en í seinni hluta skýrslunnar er starfsáætlun Álfheima fyrir skólaárið 2022-2023. Starfsáætlunin er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er samin í samráði og samvinnu við kennara leikskólans. Hún hefur að geyma hlutverk Álfheima þar sem einkunnarorð leikskólans koma fram en þau eru: *Virðing, hlýja, traust*. Einnig má sjá viðfangsefni skólaársins, umbótaáætlanir og símenntunaráætlun leikskólans.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er skólastarfið metið og umbótaáætlun gerð í kjölfarið. Niðurstöðurnar munu jafnframt birtast í þessari starfsskýrslu til að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári.

Starfsskýrsla leikskólans tekur gildi 1. október ár hvert og skal skilað til Skólaþjónustu Árborgar og lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megir hana í starfi leikskólans yfir veturinn.

Selfoss, 3. október 2022

Jóhanna Þórhallsdóttir
Leikskólastjóri Álfheima

Einkunnarorð Álfheima
Virðing, hlýja, traust



1. Skólastarfið 2021-2022

Skólastarfið í Álfheimum veturinn 2021-2022 var líkt og veturinn áður að flestu leyti mjög óvenjulegt vegna sóttvarna og takmarkana vegna Covid-19. Fyrstu mánuðir ársins reyndu gríðarlega mikið á alla þá sem að skólasamfélagi Álfheima koma, mikið var um veikindi starfsfólks og oft ekki hægt að hafa allan leikskólann opinn. Undir voru vorum við þó farin að sjá glitta í venjulegt skólastarf.

Veturinn 2021- 2022 stunduðu um 116 börn nám í Álfheimum og voru þau fædd á árunum 2016-2020. 21 barn útskrifaðist úr Álfheimum 25. maí 2022 og í tilefni af útskrift fóru börnin í útskriftarferð á vordögum á Eyrarbakka

Á skólaárinu voru starfsmenn í leikskólanum 48 í mismiklu starfshlutfalli þar af 8 leikskólakennarar, 1 iðjubjálfi, 1 þroskabjálfi, 6 með aðra háskólamenntun, 4 leikskólaliðar og aðrir með grunn- og/eða framhaldsskólapróf. Þá voru 4-5 starfsmenn í leikskólakennaranámi, ýmist í grunnnámi eða framhaldsnámi.

Símenntun og starfsþróun öll er mikilvæg í skólastarfi og á skólaárinu hefur starfsfólk leikskólans sótt fjölbreytt námskeið fyrir utan þá fræðslu sem boðið er upp á fyrir allt starfsfólk á skipulagsdögum. Tækifæri til símenntunar voru þó að einhverju leyti fábreyttari en áður vegna Covid.

Leikskólinn Álfheimar er Grænánaleikskóli og leggur áherslu á útinám og tekur leikskólinn þátt í alþjóðlega verkefninu Skólar á grænni grein sem Landvernd rekur hér á landi. Leikskólinn fékk sinn tíunda Grænána í júní 2022. Umhverfissáttmála Álfheima má nálgast á heimasíðu leikskólans. Hluti af Grænánaverkefninu er starf umhverfisráðs en einu sinni í mánuði fundar umhverfisráð Álfheima en í því eru fulltrúar starfsfólks frá öllum deildum, sérgreinastjóri útikennslu, leikskólastjóri, einn fulltrúi foreldra og börn úr elsta árgangi skólans.

Útinám skipaði nú sem endranær stóran sess í starfi Álfheima. Skógarferðir leikskólans hafa fest sig í sessi og einu sinni í viku fara börnin í skógarferð, lengd og staðsetning fer eftir aldri barnanna og þau yngstu byrja á að fara út á Engi. Gullin í grenndinni sem er samstarfsverkefni Álfheima og Vallaskóla féll að öllu leyti niður þetta árið vegna covid. Friðlandið er stór hluti af útinámi leikskólans en þar stunduðu 2 elstu árgangarnir nám einu sinni í viku síðast liðinn vetur.

Endurmat á skólastarfinu fer reglulega fram bæði á hverri deild og í skólanum í heild. Í ár var gerð starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins. Endurmat er nauðsynlegt svo hægt sé að þróa starfið og gera úrbætur.



2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun skólaársins 2020-2021

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitarfélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, og þar með markmið innra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Innra mati er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðslufirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aldrei er hægt að skoða allt skólastarfið í einu því það er flókið og margþætt. Ef vel á að takast er mælt með að taka fyrir nokkra þætti í einu, þ.e. lítið umfang, meðan starfsfólk er að tileinka sér verklag innra mats. Mikilvægt er að gera áætlun fram í tímann til að tryggja að matið ná til allra sviða skólastarfsins og mælt er með 3 – 5 árum í það ferli. Matsþáttunum er raðað á áætlunina sem afmarkar þau matssvið sem taka á fyrir á hverju ári. Mikilvægt er þó að endurskoða áætlunina á hverju ári því oft koma upp brýn málefni sem taka skal fyrir. Stjórnendateymi leikskólans sér um að útfæra matsspurningar sem notaðar verða í matinu. Til eru margar góðar leiðir til að meta skólastarf og hér er dæmi um nokkrar:

- Starfsmannasamtöl.
- Foreldrasamtöl.
- Spurningalistar til starfsfólks og foreldra.
- Mat barna á skólastarfinu.
- Niðurstöður og úrbótaáætlun birtist síðan í starfsskýrslunni og á heimasíðu leikskólans.

2.1. Innra mat leikskólans

Mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á stjórnendafundum þar sem leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, sérgreinastjóri útikennslu og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og umbótaáætlunum.

2.1.1. Starfsmannakönnun

Tvær starfsmannakannanir voru lagðar fyrir á skólaárinu, annars vegar á vegum Maskínu og hins vegar Skólapúlsins. Slíkar kannanir eru alltaf af hinu góða og mikilvægt að nýta niðurstöður til umbóta á starfinu. Vegna covid afleiddra ástæðna var vinna með niðurstöður í algjöru lágmarki.

2.1.2. TRAS og Ferilmöppur

TRAS málþroskaskráning og ferilmöppur hvers barns eru leiðir sem notaðar eru til að fylgjast með námi og þroska hvers barns. Þar að auki gefa þessi verkfæri okkur tækifæri til að fylgjast með líðan og þörfum leikskólabarna, skoða þær námsaðferðir sem við notum og hvort og hvernig þær ganga. Í kjölfarið á því eru gerðar breytingar ef þarf t.d. á námsáætlunum og skipulagi.

2.1.3. Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári. Foreldrasamtöl gefa mikilvægar upplýsingar um líðan og þarfir hvers barns og hvort og hvernig leikskólaumhverfið er að mæta þörfum hvers barns. Í kjölfar foreldraviðtala gera deildarstjórar þær umbætur og breytingar sem þörf er á.



Starfsáætlun Álfheima 2022-2023

2.1.4. Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru að öllu leyti óhefðbundin þennan veturinn. Vegna aðstæðna í kjölfar covid náðust ekki samtöl við allt starfsfólk. Það er því ljóst að finna þarf lausnir svo samtölin gangi betur og er farið betur í það í umbótaáætlun.

2.1.5. Endurmat deilda

Á deildarfundum var starf hvernar deildar metið jafnt og þétt yfir veturinn. Um áramót og að vori voru markmið og leiðir í hverju námssviði endurmetin og endurskoðuð eftir aðstæðum.

2.1.6. Endurmat stjórnenda

Á stjórnendafundum og í starfi leikskólastjórnenda dag frá degi er stöðugt endurmat í gangi. Má þar meðal annars nefna mannauð, tíma og skipulag alls leikskólans. Eftirlit með fjármagni og búnaði er í raun á hverjum degi auk mánaðarlegrar skýrslu er varðar fjármagn og er að mestu leyti í höndum leikskólastjóra.

2.1.7. Endurskoðun skólanámskrár

Skólanámskrá leikskólans var í endurskoðun skólaárið 2021-2022 og stefnt var að endurútgáfu í janúar 2022, það náðist því miður ekki en stefnt að nýrri útgáfu fyrir afmæli Álfheima 2022.

2.1.8. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun sem unnin var eftir veturinn 2021-2022.

Tækifæri til umbóta eftir veturinn 2021-2022
Starfsmannahópurinn
Leggja áherslu á góða samvinnu, traust og virðingu í starfsmannahópnum í anda samskiptasáttmála Álfheima. - Fyrirlestur um samvinnu o.fl. á skipulagsdegi í ágúst 2022. - Nýtt fyrirkomulag á starfsmannasamtölum, 5 örviðtöl yfir veturinn. - Reglulegt hópefli, bæði á vinnutíma og fyrir utan vinnu - Hrós - allir líti í eigin barm - halda áfram að gera leikskólann snyrtilegan - vinna með umburðarlyndi - Vinna með sterkar hliðar hvers og eins - Gæta að upplýsingaflæði - allir fá upplýsingar - muna ábyrgð hvers og eins
Faglegt starf
Efla faglegt starf í Álfheimum, skerpa á áherslum og "reglum" - Vinna með sterkar hliðar hvers og eins - Vinna áfram með hljóðvist - Minnka barnahópa - skipta hópunum upp - Sækja um erasmus aðild vor 2023 - Vikuleg vinna gæðaráðs - Koma af stað vinnu heilsueflandi leikskóla og sækja um aðild

2.1.9. Námssvið og daglegt starf

Í janúar fóru allar deildir yfir sín markmið fyrir skólaveturinn og gerðu breytingar ef á þurfti að halda. Í maí og júní 2021 unnu allir starfsmenn endurmat á starfi vetrarins. Í heildina litið var flestum markmiðum vetrarins náð, en ljóst er að Covid og afleiðingar þess hafði heilmikil áhrif á skólastarfið í heild. Hér fyrir neðan má sjá hluta af niðurstöðum.



Endurmat á deildum vor 2022

Matmálstímar

Álfasteinn - Gekk vel. Hádegismatur stundum ekki barnvænn, of framandi. Vantar ferskt grænmeti. Í nónhressingu vantar fjölbreytni við hæfi barna, meira grænmeti sem álegg.

Dvergasteinn - Mætti vera morgunkorn einu sinni í viku og fjölbreytni, súrmjólk og ristað brauð. Hádegismatur gengur vel, hvetja börnin til að skammta sjálf og vera sjálfstæð. Nónhressing gengur vel.

Óskasteinn - Gengur vel, morgunmatur í flæði núna, börnin misdugleg að borða en njóta sín betur í flæði, þyrfti að byrja morgunmat fyrr. Í hádegismat hafa verið dugleg að breyta borðum ef þörf er á.

Völusteinn - Gengur vel. Höfum rætt aðeins að fara í flæði í morgunmat en tókum ákvörðun um að gera það ekki að þessu sinni. Okkur finnst að til þess að það gangi upp þurfi morgunmaturinn að byrja fyrr. Fjöldi barna á borði er heldur mikill og hljóðvistin er skelfileg.

Mánasteinn - Hefur gengið vel, mætti reyna að halda þeim við borðin lengur. Gott að börnin gangi frá sjálf. Í nónhressingu ganga þau minna frá sjálf og þá er minna flakk.

Huldusteinn - Gengur vel. Þarf að breyta sætum. Væri hægt að hafa meiri málörvun við borðin þegar beðið er eftir matnum.

Frjáls leikur inni

Álfasteinn - Gengur vel ef börnunum er skipt niður, passa að skipta niður eftir persónuleika.

Dvergasteinn - Vera dugleg að skipta okkur niður í herbergi og auka úthald og minnka ráp.

Óskasteinn - Börnin eiga erfitt með einbeitingu og mikið flakk hefur gengið misvel.

Völusteinn - Frjálsi leikurinn fær mikið rými og börnin eru í flottum leik. Aftur á móti getum við illa skipt þeim upp þar sem við erum bara með tvær stofur og einnig er hljóðvistin mjög slæm svo það skemmir fyrir gæði leiksins.

Mánasteinn - Húsnæðið býður ekki upp á mikla skiptinu, tíminn fyrir hádegi oft of stuttur í frjálsa leikinn

Huldusteinn - Gekk oftast vel. Duglegri að skipta út dóti.

Frjáls leikur úti

Álfasteinn - Gengur vel

Dvergasteinn - Gengur vel, í boði að klifra og salla. Léleg umgengni, börnunum leyft að grafa upp garðinn og búa til sár hvar sem er og enginn bannar og kennir umgengni.

Óskasteinn - Gengur vel, börnin ná að leika sér best úti.

Völusteinn - Gengur mjög vel. Börnin una sér mjög vel í útiveru og við erum mikið úti.

Mánasteinn - Börnin unað sér vel úti og útitíminn mikilvægur, lengja tímann f.h. með tilliti til matartíma

Huldusteinn - Gekk mjög vel. Kennarar duglegri að dreifa sér um svæðið.

Lestrarstundir

Álfasteinn - Hægt að bæta.

Dvergasteinn - Allt of lítið lesið. Festa lestrarstund eftir kaffi.

Óskasteinn - Mættu vera oft, höfum ekki náð að halda því reglulega

Völusteinn - Við höfum lagt mikið upp úr lestri og það eru skipulagðar lestrarstundir 2x á dag. Börnin hafa náð miklum framförum við að hlusta og halda athygli.

Mánasteinn - Mætti bæta og gera oft. Getum bætt þetta með því að taka þau í litla hópa.

Huldusteinn - Það hefur verið lítið um lestrarstundir, þurfum að bæta það. Leyfa krökkunum að fara með kennara og velja sér bók á bókasafni leikskólans og sú bók lesin þá vikuna.



Hópastarf
<i>Álfasteinn</i> - Gengur vel, hægt að bæta. <i>Dvergasteinn</i> - Hópstjóri fær lítinn sem engan undirbúning til að undirbúa hópastarf. Hringekja 1x í viku algjör snilld: tónlist, mála, lubbi, stærðfræði, málörvun. <i>Óskasteinn</i> - Var ekki <i>Völusteinn</i> - Hefur gengið vel. <i>Mánasteinn</i> - Hægt að koma því markvissara inn næsta vetur, meira gripið tækifærin í vetur. <i>Huldusteinn</i> - Ekki neitt hópastarf byrjað að viti. Erum dugleg að leyfa krökkunum að skapa list sjálf. Þau fá að velja og leika sér sjálf að efniviðnum, líma, mála og lita.
Hvíld
<i>Álfasteinn</i> - Gengur vel, allir hvílast. <i>Dvergasteinn</i> - Gengur ágætlega, þyrfti að samræma reglur og jafnvel skipta í þrennt. Þurfa að eiga sitt stæði. <i>Óskasteinn</i> - Mjög misjöfn <i>Völusteinn</i> - Gengur vel. Höfum bæði verið að hlusta á slökun og sögur. <i>Mánasteinn</i> - Gengur vel. <i>Huldusteinn</i> - Gekk mjög vel. Væri hægt að bæta það að fara öll samtaka inn í herbergið, væri hægt að setjast og bíða með börnunum í sófanum/á teppinu og lesa bók á meðan hinir klára að ganga frá.
Tækifæri til grófhreyfinga
<i>Álfasteinn</i> - Rosa flott. <i>Dvergasteinn</i> - Júðósalurinn, útiveran, klifra í trjám, hjóla, róla (vantar fleiri rólur). Vantar vegasalt, vantar klifurgrind, betri sand til að búa til form. <i>Óskasteinn</i> - Mætti vera betri, vissum ekki að við mættum fara í júðósalinn fyrr en í vor. <i>Völusteinn</i> - Mjög góðar. Mikil útivera og júðósalur. <i>Mánasteinn</i> - Mjög góð, útivera, salur, júðósalur, skógarferðir <i>Huldusteinn</i> - Gekk vel, dugleg í salnum og úti.
Tækifæri til fínhreyfinga
<i>Álfasteinn</i> - Gengur mjög vel. <i>Dvergasteinn</i> - Búið að vera algjört perluæði. Datt niður um leið og við gátum ekki lengur straujað (vantar perlur) Vantar vefstóla fyrir eldri stelpurnar. <i>Óskasteinn</i> - Gengið vel. <i>Völusteinn</i> - Mjög góð tækifæri. Erum dugleg að vinna fínhreyfingaverkefni. <i>Mánasteinn</i> - Gengið vel, tækifæri á hverju degi í margs konar formi <i>Huldusteinn</i> - Gekk ágætlega, þurfum að skapa fleiri tækifæri, t.d. með að pinna.
Könnunaraðferðin í þemaverkefni
<i>Álfasteinn</i> - <i>Dvergasteinn</i> - Höfum ekki nýtt okkur það en neminn okkar nýtti könnunaraðferðina í vettvangsnámi sínu. <i>Óskasteinn</i> - Á ekki við. <i>Völusteinn</i> - <i>Mánasteinn</i> - Hægt og rólega að vinna með hana. <i>Huldusteinn</i> -



Lýðheilsupema
<i>Álfasteinn</i> - Frjáls sæti, mikið val, val á leikefni gott. <i>Dvergasteinn</i> - Dagasögur, þema vetrarins fellur sterkt undir lýðheilsu. Þar er talað um reglur, mataræði, umhverfi o.s.frv. <i>Óskasteinn</i> - Langar að halda áfram með það til að gera betur. <i>Völusteinn</i> - Mjög vel. Grænálfa verkefni, slökun, mikilvægi þess að borða hollan og næringaríkan mat, áætla magamál og drekka vatn. <i>Mánasteinn</i> - <i>Huldusteinn</i> – Gekk vel, sjálfstæði í fataklefa
Samvinna milli deilda
<i>Álfasteinn</i> - Mætti vera betra <i>Dvergasteinn</i> – Gekk mjög vel með Álfasteini fyrir áramót með skógarferðir. Sameiginleg söngstund í salanum. <i>Óskasteinn</i> - mætti vera betri <i>Völusteinn</i> - Í lágmarki, en það sem var gekk vel. <i>Mánasteinn</i> - Gengið ágætlega, mætti efla meira næst. <i>Huldusteinn</i> – Gekk ekki nógu vel, þarf að skipuleggja betur samstarf.
Undirbúningstímar
<i>Álfasteinn</i> - Gengur vel, undirbúningstími almenna starfsmanna fellur oft niður og gæti verið betur skipulagt. <i>Dvergasteinn</i> – Ekki passað upp á að það komi afleysing fyrir deildarstjóra, oft bara 3-4 starfsmenn e.h. Mjög þungt þar sem það verða að vera 5 á deildinni. Hefur gengið illa með undirbúningstíma almennra starfsmanna og verkefni hlaðist upp. <i>Óskasteinn</i> - FL félagar fá sinn tíma. Undirbúningstími annarra var mjög lítill, sama og enginn. Flestir vissu ekki hvenær átti að fara. <i>Völusteinn</i> - FL félagar gekk mjög vel og annarra einnig. <i>Mánasteinn</i> - Deildarstjóra gengið ágætlega, FL félagar hefðu getið verið markvissari og annarra datt oft niður, meiri tími til að gera eitthvað með starfi, inni á deild. <i>Huldusteinn</i> - Deildarstjóra gekk vel annara ágætleg, væri gott að ná að skipuleggja það betur.
Stoðþjónusta/sérkennsla
<i>Álfasteinn</i> - Gengur vel. <i>Dvergasteinn</i> - Gengur vel með þau sem eiga stuðning en vantar fyrir nokkra. Var komið í ferli en svo fór deildarstjórinn og enginn tók við því. <i>Óskasteinn</i> - Mætti vera betri aðstaða fyrir sérkennslu, bæta skráningu <i>Völusteinn</i> - Hefur gengið vel. Náð góðum árangri. <i>Mánasteinn</i> - Verið lítið <i>Huldusteinn</i> -
Skógarferðir - Gullin - Friðland
<i>Álfasteinn</i> - Skógarferðir ganga vel. Yngri líka byrjuð. Mætti nýta Engið eftir hádegis. <i>Dvergasteinn</i> - Skógarferðir gengið vel í vetur. Frábært með yngri hópinn og Álfasteini. Gekk ekki eins vel með eldri hópinn með Óskasteini. Óska- og Álfasteinn voru ekki með fasta hópstjóra með hópunum sínum og var það mjög óþægilegt. Friðlandið gengi mjög vel en var erfitt fyrir restina af deildinni þar sem 2 starfsmenn fóru á Friðlandið með 7 stúlkur. <i>Óskasteinn</i> - Höfum verið mjög dugleg að fara í skógarferðir. Mætti tala meira um hvað er gert í skóginum. Alltaf gaman í Friðlandi og börnin eru alltaf tilbúin að fara út á Friðland. <i>Völusteinn</i> - Skógarferðir gengið vel. Friðlandið gengur vel, missum sérgreinastjóra vegna vinnustyttingar aðra hverja viku sem okkur finnst miður.



Mánasteinn - Gengið vel

Huldusteinn - Skógarferðir gengu mjög vel.

Gullin í grenndinni féllu alveg niður í vetur

Markmið og leiðir í læsisstefnu

Álfasteinn - Samræður í barnahópnum ganga vel, misjafnt eftir dögum. Gengur almennt vel, misjafnt eftir dögum. Málörvun gengur ágætlega, betur þegar börnin hafa áhuga. Samverustundir og söngur ganga yfirleitt vel þegar það er nóg af starfsfólki. Allir búnir að vera bókaormar í vetur, hefur gengið mjög vel. Þulur gengið vel, þarf að hafa eitthvað einfalt og skemmtilegt. Rím gengur vel. Ritað mál er sýnilegt, stafróf og stafir sýnilegt. Vorum að byrja í átthaganámi. Gengur vel að fjalla um árstíðarbreytingar. Getum gert betur í að fjalla um fjölbreytileika og ólíka menningu barna og kennara. Getum gert betur í dyggðakennslu. Gengur vel með Lubba. Tákn með tali gleymdist í vetur.

Dvergasteinn - Samræður í barnahópnum gengið vel, góðar samræður á borðum, í hópastarfi, skógarferðum, upplýsingagjöf og samræður í samverustundum. Lubbastundir í hringekju á þriðjudögum, vinnustundir fyrir börn með stuðning. Þyrfti að bæta við vinnustundum fyrir börn sem þurfa en eru ekki með stuðning. Samverustundir gengu mjög vel í vetur. Dagasögur og söngur, leikir. Börnin hafa lært ógrynni af lögum, mikið notað myndrænt. Mikið sungið og langflestir tekið þátt. Frábært starf í dagasögum í vetur. Tókum hvern dag sem þema yfir heilan mánuð. Vantaði bara Fúsa, datt upp fyrir þegar deildarstjórinn forfallaðist. Bókaormur gekk vel í byrjun vetrar og framan af. Vorum líka með spilavin. Þurfum að bæta okkur í þulur. Ritað mál sýnilegt svo og stafróf og stafir, aðeins tekið fyrir í hringekju og þemavinnu, börnin hvött til að merkja myndirnar sínar sjálf. Vantar fleiri loðtöflusögur. Unnið með rím í tónlistartímum, söngstundum og við matarborðið. Unnið með samstöfur í tónlistartímum, söngstundum og tækifærið gripið þegar hægt. Hafa ekki unnið í átthaganám en árstíðarbreytingar fléttast inn í dagasögur. Fjallað um fjölbreytileika og ólíka menningu í öllu starfi en ekki markvisst. Tákn með tali í söngstundum.

Óskasteinn - Samræður í barnahópnum misjafnar eftir dögum. Málörvun var ekki skipulögð. Samverustundir ólíkar eftir dögum, stemmningu í barnahópnum og hvaða kennarar eru á deildinni. Rætt um hvernig við getum látið ganga betur t.d. leggja fyrr á borðið - síðast kemur út leggur á borðið. Skipta þeim í 2 hópa. Hefði þurft að ákveða fyrr útskriftalögin. Ekkert var unnið með Dagasögur og Bókaorm og lítið með þulur. Lítið unnið með stafi, stafróf og ritað mál. Unnið með hljóðkerfisvitund í tengslum við hljóð-2 þjálfun. Allir tóku þátt í Átthaganámi og veðurfræðingar voru í skógarferðum. Ekki var hefðbundið samstarf við vinaminni, ljósheima og fossheima en farið þangað og sungið fyrir utan. Í daglegu starfi var mikið spjallað um fjölbreytileika og ólíka menningu. Ekki var unnið með dyggðakennslu, Lubba eða Tákn með tali

Völusteinn - Samræður í barnahópnum ganga almennt vel. Málörvun gengur mjög vel, erum duglegar að setja orð á athafnir, lesur mjög mikið, erum með þulur, flókin lög og tölur mikið saman. Samverustundir hafa gengið mjög vel og hafa verið skemmtilegar. Söngur skemmtilegur, gengið rosalega vel, syngjum fjölbreytt og skemmtileg lög. Ekki verið unnið með dagasögur. Bókaormur gengið mjög vel, allir hafa að minnsta kosti komið einu sinni með bækur. Fjölbreyttar þulur hafðar á borðum. Ritað mál ágætlega sýnilegt, erum með þulur og verkefni á borðum, stafróf uppi á vegg, bækur eru aðgengilegar, myndræn endurvinnslustöð, nöfnin þeirra eru sýnileg og fleira. Ekki unnið með sögukassa og loðtöflusögur. Rímum mikið, rímverkefni á borðum og í samverustundum. Unnið með samstöfur og samsett orð við matarboð og í samveru. Unnið með hljóðgreiningu við matarborð og í samveru og almennu tali. Margræð orð í verkefnum á borðum og tækifæri gripin til að ræða margræð orð t.d. í lestri. Orðhlutaeyðing og hljóðtenging í verkefnum á borði og í samverustundum. Í átthaganámi hangi mynd af bænum upp á vegg ásamt því að eldri börnin fóru heim þar sem tekin var mynd af þeim fyrir framan húsið þeirra. Erum mjög duglegar að fara í göngutúr í nærumhverfinu. Mikið talað um árstíðarbreytingar á skógarfundum og syngjum mikið árstíðar tengd lög. Föndruðum



líka árstíðirnar. Samstarf við vinaminni, Ljósheimi og Fossheimi féll niður vegna covid en sungið fyrir þau í Vor í Árborg. Ekki skipulega fjallað um fjölbreytileika og ólíka menningu barna og kennara. Nýttum aftur á móti hinsegin vikuna vel í að tala um fjölbreytileikann og unnum verkefni út frá því. Eins lesum við mikið bækur sem komið er inn á fjölbreytileika og ólíka menningu. Ekki unnið með dyggðakennslu, Lubba eða tákn með tali.

Mánasteinn - Samræður ganga ágætlega, þó hægt að vera duglegri að nýta tækifæri sem gefast til samræðna. Einhver málörvun á hverjum degi, gengur betur þegar skipt niður eftir því hvar þau eru stödd í málþroska, þurfti aðhald til að það væri gert, í heildina gengið vel. Söngur gengur vel, aðeins unnið með þulur, ritað mál er sýnilegt en alltaf hægt að gera betur, byrjað að leggja inn rím í gegnum söng og vísur. Mætti hengja upp stafrófið. Átthaganám og árstíðabreytingar gengið ágætlega einnig gengið vel að fjalla um fjölbreytileika og ólíka menningu barna og kennara. Nauðsynlegt að efla kennara í tákn með tali svo að það verði markvissara.

Huldusteinn - Málörvun gekk mjög vel, allir duglegir að taka þátt í að spjalla við börnin. Samverustundir gengu ágætlega, þarf að skipuleggja aðeins betur og finna annan tíma fyrir samverustund. Söngur gekk mjög vel. Ekki verið að vinna með dagasögur, bókaorma eða þulur, þarf að skipuleggja betur, væri gaman að hafa þulur sýnilegar á borðum og geta lesið þær t.d. í matmálistímum. Ritað mál lítið sýnilegt og þarf að bæta. Ekki unnið með sögukassa og loðtöflusögur. Árstíðabreytingar sýnilegar á afmælisspjöldum og rætt um veðrið dags daglega. Fánar frá löndum barnanna sýnilegir. Ekki unnið með dyggðakennslu og Lubba en gekk ágætlega að vinna með tákn með tali en má bæta.

Námmat

Álfasteinn - TRAS gekk vel í vetur, búið hjá öllum. Ferilmöppur tilbúnar, duglegar að setja í möppurnar yfir veturinn.

Dvergasteinn - Ekki vitað með TRAS þar sem það var í höndum deildarstjóra. Gengur mjög vel með ferilmöppur

Óskasteinn - Búið að TRASA alla sem þurfti. Ferilmöppur tilbúnar hjá eldri börnunum, í vinnslu hjá þeim yngri.

Völusteinn - TRAS skráning hefur gengið vel. Ferilmöppur eru klárar. Hljóm-2 gekk vel, þau börn sem þurftu á því að halda fóru í litla Hljóm-2 hópa. Eins skilaði sér markviss vinna inn á deild.

Mánasteinn - TRAS skráning gekk vel og ferilmöppur tilbúnar

Huldusteinn - TRAS skráning gekk vel svo og ferilmöppur.

Covid - viðbrögð

Álfasteinn -

Dvergasteinn -

Óskasteinn -

Völusteinn - Covid setti strik í reikninginn. Veturinn var þungur og mikil mannekla. Hafði áhrif á samvinnu á milli deilda og hafið áhrif á samstarf við foreldra.

Mánasteinn - Hafði hellings áhrif á alla, sem setti töf eða rask á mikið skipulagt starf. En í heildina gekk vel að vinna í gegnum það, miðað við aðstæður.

Huldusteinn - Mikil veikindi, starfsmenn og börn

Annað

Álfasteinn - Væri gott að fá alltaf sömu afleysingarnar.

Dvergasteinn - Vont að missa deildarstjórnann og fá ekkert að vita né neinn í staðinn.

Óskasteinn -

Völusteinn -



Mánasteinn - Góður vetur þar sem áhersla var á kærleika, umönnun, samskipti og tjáningu. Vinna að fín og grófhreyfingum fékk góðan sess. Vinna að því að gera alla sjálfstæðari í að vinna með málörvun með fram lestri – taka skrefið lengra.

Huldusteinn - Við erum frábær :)

2.1.9. Hljóm-2

Hljóm-2 aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans. Skimunin er gerð til að finna þau börn sem eru í mögulegri áhættu fyrir lestrarerfiðleika síðar meir en slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 88% barna (9 af hverjum 10 börnum) (mms.is).

	Góð færni	Meðal færni	Lág meðalfærni	Slök færni	Mjög slök færni
Rím	2	7	4	4	0
Samstöfur	0	13	1	1	2
Samsett orð	2	6	7	1	1
Hljóðgreining	1	10	6	0	0
Margræð orð	2	9	2	2	2
Orðhlutaeyðing	1	3	2	7	4
Hljóðtenging	1	5	7	1	3
Heildarniðurstöður	1 Aldursbil 1 (45-71 stig) 0 Aldursbil 2 (53-52 stig) 0 Aldursbil 3 (58-71 stig) 1	8 Aldursbil 1 (36-44 stig) 2 Aldursbil 2 (42-52 stig) 5 Aldursbil 3 (47-57 stig) 1	2 Aldursbil 1 (27-35 stig) 1 Aldursbil 2 (32-41) 1 Aldursbil 3 (38-46 stig) 0	4 Aldursbil 1 (21-26 stig) 3 Aldursbil 2 (26-31 stig) 1 Aldursbil 3 (32-37 stig) 0	2 Aldursbil 1 (0-20 stig) 0 Aldursbil 2 (0-25 stig) 1 Aldursbil 3 (0-31) 1



Starfsáætlun Álfheima 2022-2023

2.2. Matsáætlun

Skólapúlsinn – foreldrakönnun	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Stjórnun	x		x		x
Viðmót og menning leikskóla	x		x		x
Aðbúnaður	x		x		x
Samstarf heimila og leikskóla	x		x		x
Skólapúlsinn – starfsmannakönnun	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Starfshættir		x		x	
Endurmenntun		x		x	
Líðan		x		x	
Þarfir		x		x	
Starfsandi		x		x	
Samskipti		x		x	
Samstarf		x		x	
Stjórnun		x		x	
Viðmót og menning leikskóla		x		x	
Aðbúnaður		x		x	
TRAS	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Líðan og þarfir leikskólabarna	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
námsaðferðir	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
hæfniviðmið	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Ferilmöppur	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Líðan og þarfir leikskólabarna	x	x	x	x	x
Námsaðferðir	x	x	x	x	x
Foreldrasamtöl	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Líðan og þarfir leikskólabarna	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Samstarf heimila og leikskóla	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
námsaðferðir	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
hæfniviðmið	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári	2x á ári
Starfsmannasamtöl	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Starfshættir	x	x	x	x	x
endurmenntun	x	x	x	x	x
Líðan	x	x	x	x	x
Þarfir	x	x	x	x	x
Starfsandi	x	x	x	x	x
Samskipti	x	x	x	x	x
Samstarf	x	x	x	x	x



Starfsáætlun Álfheima 2022-2023

Endurmat deilda	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Læsi og samskipti	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor
Heilbrigiði og vellíðan	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor
Sjálfbærni og vísindi	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor
Sköpun og menning	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor	haust/vor
Gullin í grenndinni	vor	vor	vor	vor	vor
Kennslu- og uppeldishættir	2x í mánuði	2x í mánuði	2x í mánuði	2x í mánuði	2x í mánuði
námsaðferðir og hæfiviðmið	2x í mánuði	2x í mánuði	2x í mánuði	2x í mánuði	2x í mánuði
Endurmat deildarstjóra	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Tími	x	x	x	x	x
Mannauður	x	x	x	x	x
Búnaður	x	x	x	x	x
Endurmat á samstarfi leik og grunnskóla	x	x	x	x	x
Kennslu og uppeldishættir	x	x	x	x	x
Endurmat stjórnenda	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Fjármagn	x	x	x	x	x
Tími	x	x	x	x	x
Mannauður	x	x	x	x	x
Búnaður	x	x	x	x	x
Gullin í grenndinni	x	x	x	x	x
Samstarf heimila og skóla	x	x	x	x	x
eigin vinna	x	x	x	x	x
Starfsáætlun	x	x	x	x	x
Starfsþróun	x	x	x	x	x
Skólanámskrárteymi	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Stefna				x	
Markmið		x			
Námsmat				x	
Námssvið		x			
Áherslur				x	



3. Börn, foreldrar og annað samstarf

3. 1. Barnahópurinn

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2021.

Fjöldi barna í leikskólanum 1. desember 2021 var 116.

Aldursskipting	
Börn fædd 2016	21
Börn fædd 2017	27
Börn fædd 2018	25
Börn fædd 2019	22
Börn fædd 2020	21

Dvalartími – fjöldi barna	
4 klst	1
5 klst	1
6 klst	1
6,25 klst	1
6,5 klst	1
7 klst	4
7,25 klst	2
7,5 klst	0
7,75 klst	1
8 klst	38
8,25 klst	15
8,5 klst	33
8,75 klst	18

3.1.1. Fjöldi barna sem nutu sérstaks stuðnings

Þessi skýrsla er unnin út frá skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2021.

Börn sem nutu sérstaks stuðnings* í leikskólanum Álfheimum á skólaárinu 2020-2021 voru sautján talsins og var stuðningurinn allt frá einstaklings þjálfun yfir í aukinn mannafla á deild sem meðal annars var nýttur til að skipta börnunum upp í minni hópa.

Börn með fatlanir í leikskólanum fengu þann stuðning sem þau eiga rétt á. Sérkennslustjóri og deildarstjórar héldu í sameiningu utan um teymisfundi, einstaklingsnámskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum. Í leikskólanum voru mynduð teymi um sjö börn, auk þess var fundað reglulega með foreldrum fleiri barna, eftir þörfum.

*Með sérstökum stuðningi í námi er átt við börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Ekki er gerður munur á því hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða yfir allt árið.

3.1.2. Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála

1. desember 2021 var í Álfheimum 26 tvítyngd börn og tungumálin 12.



3.2. Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna eins og allt samstarf þarf að fela í sér gagnkvæman skilning, samvinnu og virðingu af beggja hálfu. Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverjum og einum og dagleg samskipti eru einn mikilvægasti hlekkurinn milli fjölskyldu og leikskólans þar sem skipst er á upplýsingum um barnið.

Alla jafnan eru foreldrar ávallt velkomnir í leikskólann að fylgjast með og taka þátt í starfinu, auk þess að þeim er boðið að taka þátt í hinum ýmsu viðburðum.

Veturinn 2021-2022 var foreldrasamstarf enn að einhverju leyti litað af sóttvarnartakmörkunum, ekki var hægt að bjóða foreldrum að taka þátt í skólastarfinu eins og við hefðum viljað en með vorinu fór þó að létta til í þessum málum.

3.2.1. Foreldraráð

Í foreldraráði voru tveir foreldrar en hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla. Góð samvinna var við foreldraráðið í vetur þar sem þau komu að málefnum leikskólans.

3.2.2. Foreldrafundir

Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna var 23. júní. Þar var stutt kynning á starfi skólans og deildarstjórar boðuðu foreldra í aðlögnarviðtal. Kynningarfundir deilda voru í september og október að morgni til. Á kynningfundum deilda er farið yfir komandi vetur, hvað er framundan í starfinu og starfsfólk og foreldrar kynna sig.

3.2.3. Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl tvisvar á skólaári, á haustönn og vorönn, vegna covid varð einhver röskun á tímasetningu viðtala. Viðtölin eru í tengslum við TRAS málþroskaskráningu nema hjá elsta árangri þar sem niðurstöður Hljóm-2 og skólaskil eru meginviðfangsefni viðtalanna. Í vetur fóru foreldrasamtölin að mestu fram í leikskólanum en í einhverjum tilfellum notast við símtöl eða Teams, m.a. vegna sóttvarnatakmarkana.

3.2.4. Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi Álfheima. Foreldrafélagið gaf eins og fyrri ár útskriftarnemendum handklæði að gjöf. Foreldrafélagið stóð m.a. fyrir páskaeggjaleit fyrir börn og foreldra. Auk þess er stjórn foreldrafélagsins mikilvæg í skipulagningu vorhátíðar.

3.3. Fréttabréf

Fréttir voru settar á heimasíðu leikskólans <http://alfheimar.arborg.is/>, á tilkynningartöflur við hverja deild, í mánaðarlegum fréttabréfum hvernar deildar og með tölvupósti frá bæði deildarstjórum og skólastjórnendum.

3.4. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

3.4.1. Samstarf við skólaþjónustu Árborgar

